

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Katrín Helga Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur

---

**Efni:** *Niðurstöður Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála vegna athugunar kvörtunarmáls E í máli H hjá Barnavernd Reykjavíkur*

Þann 3. mars sl. barst Barnavernd Reykjavíkur niðurstaða athugunar kvörtunarmáls E í máli H hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Álit Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála var eftirfarandi:

„Að lokinni framangreindri athugun og með vísan til framangreinds telur Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafi ekki fylgt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 þegar tilkynning barst í febrúar 2013 um aðstæður [barns] í umsjá móður.

Er það mat Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála að um ámælisverða háttsemi í skilningi 17. gr. laga nr. 88/2021 hafi verið að ræða hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur við málsmeðferðina.

Hefur Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála með bréfi þessu lokið aðkomu sinni að málinu.“

### Forsaga:

Um er að ræða barn sem lýtur forsjá beggja foreldra sinna en hefur lögheimili hjá móður sinni. Þann 7. febrúar 2013 barst Barnavernd Reykjavíkur tilkynning frá heilsugæslu um áhyggjur af aðstæðum barnsins á heimili hennar hjá móður vegna fötlunar eldri bróður barnsins. E sem er annað forsjáforeldri sem barnið bjó ekki hjá á þeim tíma var ekki upplýstur um að tilkynning hafi borist eða hvaða málsmeðferð var viðhöfð í framhaldi hennar. Í kjölfar tilkynningarinnar fundaði Barnavernd Reykjavíkur með þjónustumiðstöð og rætt var við þjónustumiðstöð til að afla upplýsinga um fyrirhugaðan stuðning við fjölskylduna. Kom í ljós að móðir og fjölskyldan hafði verið að þiggja þjónustu og stuðning frá þjónustumiðstöð og væri fyrirhugað að auka þann stuðning. Í kjölfar þeirra upplýsinga var það metið svo af Barnavernd Reykjavíkur að ekki væri talin þörf á afskiptum á grundvelli barnaverndarlaga og málinu lokað þann 19. mars 2013. Móður var sent bréf samdægurs þess efnis en ekki E sem einnig fór með forsjá barnsins og kvartaði undan því til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála í september 2021.

Í bréfi Barnaverndar Reykjavíkur til Barnaverndarstofu, nú Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála þann 2. nóvember 2021 kom fram að það væri mat Barnaverndar Reykjavíkur að vinnsla málsins hafi ekki verið að öllu leyti í samræmi við kröfur sem gerðar eru í barnaverndarlögum og þeim reglugerðum og reglum sem gæta þarf við vinnslu barnaverndarmála. Þá kom fram að farið hafði verið yfir málavinnsluna með starfsfólki og skerpt á þeim verkferlum sem gæta þarf við vinnslu barnaverndarmála.



Barnavernd Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við niðurstöður Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

Um langt skeið var þess ekki gætt að upplýsa báða forsjáforeldra um tilkynningar sem bárust til Barnaverndar Reykjavíkur. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að ekki var gert ráð fyrir kostnaði við að afla forsjárvottorða í ramma Barnaverndar Reykjavíkur, bæði með hliðsjón af beinum kostnaði og vinnu starfsfólks. Frá og með áramótum 2019/2020 var verklagi breytt hjá Barnavernd Reykjavíkur hvað þetta varðar. Höfðu þá þegar komið upp nokkur mál sambærileg því sem hér um ræðir. Ef forsjárskipan barns liggur ekki ljós fyrir þegar tilkynning berst er alltaf gert ráð fyrir að afla forsjárvottorðs til að ganga úr skugga um að forsjáraðilar séu upplýstir um tilkynningu. Til að mynda er tekið á þessu í grein 1 í verklagi Barnaverndar Reykjavíkur um könnun máls skv. 21. gr. barnaverndarlaga þar sem segir „Ef forsjárskipan liggur ekki ljós fyrir samkvæmt þjóðskrá skal afla forsjárvottorðs frá Þjóðskrá“. Kostnaður af öflun forsjárvottorða var um 1,6 m.kr. árið 2021 og 1,3 m.kr. árið 2022.